

5. gr.

Engum er heimilt að taka vatn úr brunahönum vatnsveitunnar, án leyfis slökkviliðsstjóra. Sérstakt leyfi bæjarráðs þarf til að setja vatnshreyfivélar í samband við vatnsæðarnar.

115

29. sept.

6. gr.

Vatnsskattur, samkv. reglugerð þessari, fellur í gjalddaga 1. júlí ár hvert, og ber að greiða skattinn til bæjargjaldkera.

Vatnsskatt má taka lögtaki, og er hann tryggður með lögveðsrétti í eigninni næstu 2 ár eftir gjalddaga, með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Akraneskaupstaðar, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. 93 5. júní 1947, um aðstoð til vatnsveitna, til þess að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 29. september 1948.

F. h. r.

Jónas Guðmundsson.

116

4. okt.

Gísli Jónasson.

AUGLÝSING

um breyting á gjaldskrá fyrir landssímann frá 28. des. 1946.

1. gr.

6. málsgrein í II. kafla B. orðist svo:

Framangreind afnotagjöld miðast í Reykjavík við Reykjavíkurbæ og Seltjarnarnes allt inn að Elliðaám og þaðan um Bústaðaveg, Réttarholtsveg og Fossvogsveg heina leið í Fossvog.

2. gr.

V. kafli C. hljóði svo:

C. Radió-símtöl við skip og báta í hafi.

Gjald fyrir símtöl um íslenzkar strandarstöðvar er fyrir íslenzk skip samanlagt:

- a. Venjulegt símtalagjald milli strandarstöðvarinnar og þess, sem talar í landi, þó minnst kr. 3.00 fyrir viðtalsbilið.
- b. Strandargjald kr. 10.00 fyrir hvert byrjað viðtalsbil.
- c. Skipsgjald. Engin önnur íslenzk skip en farþegaskip taka skipsgjald, sem er kr. 2.00 fyrir viðtalsbilið.

Gjöld fyrir radió-símtöl við erlend skip eru tilgreind í alþjóðagjaldskrá fyrir skip og strandarstöðvar.

3. gr.

Gjaldskrárbreyting þessi er gerð samkvæmt 12. gr. laga nr. 30 1941, um fjarskipti, og gengur í gildi 1. janúar 1949.

Samgöngumálaráðherrann, 4. október 1948.

Emil Jónsson.

Guðmundur Hliðdal.